



ORKUSTOFNUN

Athugun á Vassdragssimulatorn. Heimsókn í
Þrándheimi

Halldór Pétursson

Greinargerð HP-93-02



Athugun á Vassdragssimulatorn Heimsókn í Prándheimi

Inngangur

Orkustofnun hefur lengi haft hug á því að verða sér úti um almennt hermilískan af virkjunum sem nota mætti til að áætla orkugetu þeirra og meta hagkvæma stærð miðlunarhlóna. Slíkt lískan hefur lengi verið til á Verkfræðistofunni Streng og er það lískan þróað til rekstrareftirlískinga fyrir Landsvirkjun. Orkustofnun hefur getað keypt keyrslur í þessu lískani en það er bæði dýrt og frekar erfitt af nota slíkt lískan ef starfsmenn OS geta ekki notað það beint. Einnig vinnur lískanið eingöngu með 2 vikna rennslisröðum. Því hefur undirrituðum verið falið að athuga hvort slíkt lískan sé ekki til erlendis sem hægt væri að fá og setja upp á vinnustöðvum OS.

Fyrirspurnir erlendis leiddu í ljós að slísk lískön eru fágæt. Eina landið þar sem slísk lískön eru í þróun er Noregur. Fyrirspurnir þar leiddu í ljós að nú er verið að gera slíkt lískan hjá NTH í Prándheimi sem byggir á gömlum forritum sem Norðmenn hafa lengi notað. Ætlunin er að markaðssetja þetta forrit. Lískan þetta, sem er safn margra lískana, er ætlað til að meta aðrennslí til virkjana, meta orkugetu þeirra, athuga hættu af stflubrotum, reikna framburð og loks eru mörg lískön til að athuga margvísleg umhverfisáhrif af hugsanlegum virkjunarframkvæmdum. Lískanið keyrir á Unix-tölvum undir gluggaumhverfinu Motif, sem er það sama og notað er hjá Orkustofnun. Undirrituðum var því falið að fara til Prándheimins og kynna sér þetta lískan með það í huga hvort þetta væri nothaft á Orkustofnun. Dagana 7.-11. desember fór undirritaður því til Prándheims og heimsótti þær stofnanir sem sjá um þróun lískansins. Eftirfarandi frásögn segir frá þessari heimsókn.

Almennt um lískanið

Vassdragssimulatorn er þróaður hjá stofnun sem heitir NHL (og er hluti af SINTEF rannsóknarhlópnum í Prándheimi). Verkið er unnið undir stjórn prófessor Ánund Killingveit, NTH, og tók hann á móti undirrituðum í Prándheimi. Margar aðrar rannsóknastofnanir taka þátt í þessari vinnu og eru þær eftirfarandi:

- NHL, Norsk Hydroteknisk Laboratorium
- EFI, Elektrisitetsfotsyningens forskningsinstitut
- NVE, Norges vassdrags- og energiverk
- NTH, Institutt for vassbygging
- NIVA, Norsk institutt for vannforskning
- NINA, Norsk institutt for naturforskning
- LFI, Laboratoriet for ferskvannsökologi og innlandsfiske ved Univ. i Oslo
- TD, Telemark högskole

Þróunin felst fyrst og fremst í því að búa til sameiginlegt andlit á þau forrit sem eru í lískaninu /os/hp/skyrslur/vassdragssim.g (Desember 1993)

Halldór Pétursson

og setja upp einn sameiginlegan gagnagrunn fyrir öll forritin. Einnig hafa verið búnar til rútsnur til að setja inn gögn í forritin svo og til að sýna niðurstöður. Enginn ný hermílskön hafa verið búin til heldur hafa eldri og þrautþrófuð lskön verið tekin inn í forritið sem hafa verið talin hvað best á sínu svíði. Var alþjóðlegur hópur sérfræðinga fengin á "workshop" til að velja lskönnin. Eftirfarandi lskön hafa verið valin í kerfið:

Líkan	Tilgangur
HBV	Útbúa rennslisraðir af vatnsviðum
Enmag	Hermireikningur virkjana og vatnsvega, eitt miðlunararlón
Vannsimplan	Hermireikningur virkjana, mörg miðlunararlón
Dambrk	Stifflubrot og flóðbylgjur
HEC-2	Streymi í árfarvegum
RICE	Vatnshiti og fsmyndun
QUAL-II	Vatnsgæði í ám
FINNECO	Vatnsgæði í vötnum
HEC-6	Setflutningar
BIORIV	Vistfræðileg áhrif í ám
BIOLAKE	Vistfræðileg áhrif í vötnum
FBV	Heimkynni fiska í ám
RECREAT	Róður á ám

Verulegir fjármunir eru lagðir í þessa þróun og er t.d. kostnaður ársins um 44 milljónir íslenskra króna. Heildarkostnaður verksins er áætlaður um 138 milljónir íslenskra króna og á því að ljúka á næsta ári. Inni í þessum kostnaði eru kostnaður við starf viðmiðunarhópa sem hafa það hlutverk að prófa líkan í 3 vatnsföllum. Er sú vinna langt kominn og sat undirritaður m.a. fundi tveggja slískra hópa sem voru að fara yfir hermireikninga í tveim vatnsföllum. Var fróðlegt að fylgjast með þessari vinnu því þessir hópar eru duglegir að gagnrýna lskönnin og benda á endurbætur. Fókkst því óvihallt mat á gæðum líkananna.

Áhugasvið OS beinist fyrst og fremst að lskönunum, HBV, Enmag og Vannsimplan þar sem þau nýtast beint við forathuganir og áætlanagerð í virkjunnarrannsóknum. Hugsanlegt er að í einhverjum tilfellum geti menn haft áhuga á því að nýta sér forritin Dambrk, HEC-2 og HEC-6, en þar sem ekki er talið að þörf sé á þeim í bráð, voru þau ekki sérstaklega skoðuð í þessari ferð. Verður nú lýst þeim athugunum sem gerðar voru á þeim þrem forritum sem til skoðunar voru, svo og hinu almenna notendaumhverfi.

Almennt notendaumhverfi

Forritasafnið er keyrt á Unix-tölvum undir gluggaumhverfinu Motif. Forritið var skoðað keyrandi á Sun SparcStation 10 tölvu, sem er nokkuð álska og HP720 vélar okkar, þó afkastaminni. Notkun forrita er stýrt með hjálp valmynda og mísar og er notanda hjálpað þokkalega mikil áfram með notun lista sem hægt er að velja úr þar sem þarf að fylla inn upplýsingar. Umhverfið er þó frekar stirðlega skipulagt að mínu mati og þarfnað útskýringar hvernig uppsetning nýrra reikninga er gerð. Mætti fínslípa svoltið valmyndauppsetninguna í kerfinu til að gera það auðskiljanlegra.

Öll forritin eru keyrð í gang frá sömu grunnvalmyndinni og er sama vinnutilhögun notuð við að keyra í gang öll lskönnin. Einnig nota öll forritin sama gagnagrunn, sem í tilfelli Norðmanna er venslagagnagrunnurinn Sybase. Samkvæmt upplýsingum forritara almenna kerfisins, Knut Alfredsen verkfræðing, er hægt að nota hvaða venslagagnagrunn sem er í stað Sybase og er ekkert

því til fyrirstöðu að nota Oracle-gagnagrunn OS. Uppsetning allra gagnaskráa er þannig að þær ganga beint á milli hinna ólsku hluta kerfisins og er þannig hægt að keyra hvern hermireikninginn á eftir öðrum með ólskum lskönnum og nota niðurstöður úr keyrslunni á undan, beint án þess að þurfa að gera neina útreikninga eða breytingar á gagnaskrám. Einn af kostum kerfisins er einmitt að geta keyrst serfur af keyrslum í röð með ólskum forritum án þess að þurfi að hafa nein afskipti af keyrslunum á meðan. Með þessu er hægt að láta stórar keyrslur ganga t.d. á nótturni.

Í athugun er að tengja Arc/Info kerfið við Vassdragssimulatorn. Gat undirritaður bent á að á Arc/Info ráðstefnunni í Palm Springs í vor hafi tengingar milli Arc/Info og HEC-lskananna verið kynntar og því sennilega auðvelt að fá slískar tengingar annars staðar frá. Peking þeirra, sem nú vinna við að gera Vassdragssimulatorn, á GIS-kerfum virtist mér frekar takmörkuð, en þó varð ég var við að sú kunnátta er til innanhúss hjá þeim að einhverju leyti.

Ef draga á saman einhverjar niðurstöður um hið almenna notendaumhverfi er það helst að segja að að mínnum dómi uppfyllir notendaumhverfið að mestu þær kröfur sem ég myndi setja. Dæmi ég það út frá því að meðlimir viðmiðunarhópanna keyrdu oft á tímum sjálfir Vassdragssimulatorn og tel ég þá ágætis viðmiðun um venjulegan notanda slfsks kerfis. Samhæfing forritana er góð og virðist gagnagrunnsuppsetningin vera vel úthugsuð. Þetta var þó erfitt að dæma án nánari skoðunar. Pyrfi einhver gagnagrunns sérfræðingur OS á sviði rennslisraða, s.s. TJ, að kynna sér þetta.

Afrennslislíkanið HBV

HBV var aðeins skoðað í keyrslu undir Windows gluggaumhverfinu, en það verður flutt yfir á Unix-vélar í febrúar. Fyrir ferðina vissi undirritaður að KE hefði mikinn hug á að verða OS úti um norsku útgáfuna af HBV. Leit umhverfi forritsins vel út og er það greinilega forrit sem OS ætti að fá hingað heim. Er KE raunar að vinna að því, þó kannski sé réttara að taka það heim með Vassdragssimulatorn. Er ekki að efa að KE mun eiga mun auðveldara með að útbúa rennslisraðir fyrir forathuganir með þessu lskani.

Í framhaldi af þessu var lskanið KOFOT, sem rannsóknarstofnunin EFI hefur gert og selur, einnig skoðað. Verða KE afhentar upplýsingar um þetta forrit til skoðunar.

Hermilíkanið ENMAG

Áður hefur undirritaður skoðað ENMAG forritið og talið það geta átt erindi til OS. Þá voru vandkvæði á að keyra lskanið og voru því vandamálín á OS tekin með til Noregs og þau leyst. Kom í ljós að upplýsingar vantaði í handbókina með forritinu. Þær upplýsingar hefur undirritaður fengið ásamt nýju forriti til að setja upp virkjanakerfi í ENMAG. Forrit þetta er notendavænt og gerir keyrslur á ENMAG þægilegar og einfaldar. Mun undirritaður á næstunni skoða ENMAG betur og reyna að meta árangur af keyrslum í þessu forriti. Ef sú skoðun reynist jákvæð ætti að fá ENMAG til Orkustofnunar. Getur það reynst gott hjálpartæki við margar forathuganir. Ekki er hægt að segja á þessari stundu hve vel það metur orkugetu virkjana en ljóst er að það getur einungis skoðað virkjanir í einangruðu kerfi.

Hermilíkanið Vannsimplan

Þetta er það lskan sem OS hafði mestan áhuga á fyrirfram þar sem það getur metið orkugetu með samkeyrslu lskt og hermilíkan LV sem Verkfræðistofan Strengur rekur. Skoðaði undirritaður því þetta lskan sérstaklega og átti fundi með fulltrúum EFI um getu lskansins. EFI er sú

stofnun sem hefur þróað lskanið og heldur því við.

Lskanið hefur verið notað í Noregi í hartinær 20 ár og bendir það til að forritið sé orðið vel þróað. Algengasta útgáfa þess, Samkjörningsmodellen, hefur verið notuð til að gera lskan af virkjanakerfi Noregs alls og hafa þá verið notuð allt að 900 virkjanir og miðlunarlón í einu lskani. Er því fjöldi leyfilegra eininga í lskaninu nánast óendanlegur og takmarkast einungis af tölvuafli. Í dag er Samkjörningsmodellen notað til að gera lskön af virkjanakerfi allra Norðurlanda til að skoða samkeyrsluáhrif milli landanna, og einnig samkeyrslu við Evrópu. Er þetta því það forrit sem mest er notað á Norðurlöndum til að gera virkjanalskön. Hefur forritið verið selt til Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands.

Forritið byggir á vatnsgildum, lskt og lskan LV gerir. Reiknuð er vatnsgildi fyrir hvert lón og er notað til þess allt að 3 ára tímaraðir af innrennsli og markaðsspá. Lskanið getur síðan hermi-reiknað eins langar tímaraðir og notandinn vill. Í byrjun hvers tímaskrefs í reikningunum er markaður áætlaður og síðan tekur við lskan sem dreifar orkuvinnslu á milli orkuvera byggt á vatnsgildum og stöðu lóna. Virðist þetta framleiðsludreifingarskán vera mög þróað og nýttir meðal annars reglustýrð gerfigreindarforrit. Meðal annars skiptir það árinu í tvö tímabil, lónfyllingartímabilið og lóntæmingartímabilið. Á lónfyllingartímabilið er reynt að tryggja að öll lón fyllist jafnt, en á lóntæmingartímabilið er reynt að miða við að í lok þess séu öll lón jafn tóm. Lónum er skipt í two flokka, miðlunarlón og dempunarlón. Miðlunarlónum er stýrt með vatnsgildatöflum, en dempunarlónum með stýrikúrfum.

Nokkrar útgáfur eru til af forritinu. Grunnútgáfan nefnist Vansimtap og byggir það á reikningum með vikugildum. Er það forrit m.a. til á HP-tölvum eins og OS notar. Dagsgildaútgáfa af Vansimtap, Vansimplan, er í Vassdragssimulatorn. Algengasta útgáfan er sennilega Samkjörningsmodellen, en það er útgáfa af lskaninu sem keyrir á vikugrunni og er með sérstöku undirforriti til að jafna markaðsálagi á milli svæða og láta vel miðluð svæði taka staðri þátt í forgangsorkuöflun en verr miðluð svæði. Hefur þetta lskan verið notað m.a. til að gera lskan af Norðurlöndunum öllum. Tekur það að einhverju leyti tillit til falltapa í línum á milli svæða, þó það sé ekki hægt að lýsa lsnukerfum nákvæmlega. Til er útgáfa af forritinu þar sem hægt er að lýsa lsnukerfum nákvæmlega og skoða orkuflutninga og orkutöp í línum.

Grunneiningin í forritunum er miðlunarlón + virkjun + tópólögiskar tengingar. Er m.a. á auðveldan hátt hægt að lýsa jarðhitavirkjunum með þessari grunneiningu, svo og dælustöðvum. Grunnkerfi er módderað á sama hátt og sú virkjun sem er til skoðunar. Rennslisraðir eru geymdar í gangagrunni sem heitir HYDARK og er hann algengur í svona lskönnum í Noregi. Athugað var með innsetningu gagna í þennan grunn og er auðvelt að koma rennslisröðum frá OS þangað inn í gegnum svokallað NVE-format sem OS hefur prófað. Markaðslýsing er margskipt og er þar byggt á þeim verðlagningarstruktúr sem er notaður í Noregi. Virðist erfitt að hafa markaðinn einungis forgangsorku, en það þarf að athuga betur. Orkugeta virkjunar fæst sem mismunur keyrslu með og án virkjunar. Skortur er meðhöndlæður sem mjög dýr orka. Keyrslutími í lskani eins og OS myndi væntanlega setja upp er stuttur og ekki vandamál með álag á tölvur OS.

Að lokum má geta þess að undirritaður hefur undir höndum nokkrar skýrslur um Vansimtap sem vert er að skoða til að átta sig á forritinu.

Staða Vassdragssimulatorn í dag

Áætlað er að fullgera forritið á næsta ári. Eftir er enn að setja inn nokkur undirforritana, þar á meðal HBV. Það sem virðist þó skemmt á veg komið er að samhæfa Vansimplan því forritið til að setja upp hermisökun var keyrt algjörlega utan við Vassdragssimulatorn. Hafði orðið einhver

miskilningur milli manna í Noregi um hvað ætti að setja inn af Vansimplan-forritunum inn í Vassdragssimulatorm, en stefnan er nú að Samkjörningsmodellen verði sett inn. Töluverð vinna er því enn eftir við að ganga frá því. Í dag notar Vansimplan þó sama gagnagrunn og hin forritin og er það mikilvægasti hluti samhæfingarinnar því þá er t.d. hægt að nota HBV-líkanið til að búa til rennslisraðir fyrir Vansimplan.

Í dag keyra öll forritin ágætlega sem sjálfstæð forrit. Vannsimplan er þó með frekar fornþálegt notendaviðmót, en í gangi er sérstakt verkefni, ID-projektet, til að bæta það. Er það verkefni unnið samræmt með Vassdragssimulatorm verkefninu.

Að lokum má geta þess að undirritaður telur að læra þurfi á kefið á námskeiði. Við sölu á kerfinu hafa Norðmenn fylgt því úr hlaði með nokkura daga námskeiði í notkun kerfisins, og er einnig þörf á slíku hér.

Um kaup á forritinu

Góðar líkur eru á því að Vannsimplan leysi þau vandamál sem OS vill fá leyst með slíku líkani. Að dómi undirritaðs er ástæða til að taka heim HBV, ENMAG og Vannsimplan sjálfstæð eða integreruð í Vassdragssimulatorm. Ef forritin eru tekin í gegnum Vassdragssimulatorm þá þarf að leggja í einhverja vinnu við að flytja þau á vélar OS, en að dómi undirritaðs er það yfirstíganlegt eftir að hafa skoðað það lauslega.

Engar verðhugmyndir eru enn komnar á Vassdragssimulatorm en skv. Ánund Killingtveit ættum við, sem einhvers konar aukaaðilar að Vassdragsregulanternes Forening, líkt og Færeyingar, að fá forritið með verulegum afslætti. Hægt verður að kaupa forritið í hlutum. Verð á Vannsimplan, keyptu sem sjálfstætt forrit frá EFI, er um 200.000 NOK + árlegt gjald.

Næstu skref

Ef OS hefur hug á að fá heim forritin er næsta skref að hafa samband við Ánund Killingtveit og ræða hugsanlegt samstarf um að flytja líkanið heim svo og verðlagningu á því. Að dómi undirritaðs er best að fá aðalforritara kerfisins, Knut Alfredsen, með í verkefnið þar sem hann hefur bestu kunnáttuna til að gera það. Mætti jafnvel athuga hvort NHL geti ekki fengið lánaðar HP-vélar til að prófa að flytja forritið á HP-vélar og var þeirri hugmynd skotið að NHL-mönnum. Ánund Killingtveit virðist opin fyrir hvers skonar samvinnu og er það undir OS komið hvaða form er hentugast. Þetta þarf OS að skoða.